

Þriðji fundur vetrarins í Gammadeild DKG varhaldinnmiðvikudaginn 9. nóvember 2010, kl. 20:00 að heimili Kristínar Bjarnadóttur að Smáraflöt 30, Garðabæ.

Fyrirlesari: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingkona.

Tekið fyrir:

1. Fundarsetning.Formaður, Kristín Jónsdóttir, setti fund kl. 20:00. Alls sóttu 25 konur fundinn.Hún bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsmi. Nafnakall fylgdi.Alls sóttu 20 konur fundinn.

2. **Fundargerð síðasta fundar:**Gerður ritari las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 6. október sl.
3. **Orð til umhugsunar:**Ingibjörg Einarisdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún sagði í upphafi frá nýrri deild, Lamdadeild, en nokkrar Gammakonur komu á stofnfund deildarinnar. Síðan minnti Ingibjörg á dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember nk. og er helgaður Stóru upplestrarkeppninni. Keppnin er orðin stórfyrirtæki sem nær um allt land og krefst mikils utnumhald. Fimmtán ár eru nú síðan henni var hleypt af stokkunum í Hafnarfirði. Af því tilefni verður stofnað til Litlu upplestrarkeppinnar meðal 4. bekklinga. Ingibjörg lét Gammasystur tallesa þulu eftir Theódóru Thoroddsen.
4. **Konur og stjórnmal:**Gestur fundarins var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, lögfræðingur, alþingismaður og fyrrverandi menntamálaráðherra. Þorgerður vék í upphafi hlýjum orðum að Stóru upplestrarkeppninni. Síðan ræddi hún stöðuna í þjóðfélaginu nú um stundir og þá tortryggni og kvíða sem víða gerði vart við sig. Hún vildi horfa björtum augum fram á veginn og sjá tækifærin allt um kring. Þrátt fyrir orðræðuna eins og hún birtist á Alþingi væri þar jákvæður þráður um að taka höndum saman um að gera betur. En enginn vildi brjóta odd af oflæti sínu og breyta þeirri þrætupólítík sem réði ríkjum. Hún vonaði að áætlanir um uppbyggingu á Suðurnesjum, sbr. fund þennan dag, væru spor í rétta átt. Mikilvægt væri að eyða óvissunni og taka á skuldastöðu heimilanna og atvinnuleysinu. Leiðin væri sameiginlegt eignarhald á lausnunum.Þorgerður sá fyrir sér að konur gætu breytt orðræðunni í stjórnmalunum ef þær tækju sig saman. Hún hefur trú á að þær séu betur til þess fallnar en karlarnir og benti á fordæmi Hönnu Bimu, fyrrverandi borgarstjóra. En hún sagði að vandinn væri að ef unnið væri í sátt og samlyndi hefðu fjölmiðlar ekki áhuga, þeir drægju fremur fram átök og ósamlyndi. Hún kvartaði einnig yfir því að vinstri kvenfrelsiskonur töluðu niður til hægri kvenna.Ísland er í fyrsta sæti í heiminum hvað varðar stöðu kvenna. Það þýðir að lögfræðilega hliðin er í lagi, sagði Þorgerður. Þegar hún tók stikkprufu á nokkrum konum, sögðu allar það sama – við þurfum að vera á varðbergi, það væru hætturnar á lofti. Þá voru þær m.a. að vísa til nýlegra fréttar af viðhorfum drengja til kvenna, verkaskiptingar í fjölskyldum o.fl., lítillar þátttöku stelpna í nemendafélögum skóla og „skinku“ væðingarinnar. Skinkur eru stelpur sem láta sjást á milli laga, eru ljóskar, heimskar, brúnar og finar kynferðislega. Allt þetta er að hafa áhrif á sjálfsvitund stúlkna og félagsstarf í framhaldsskólum. Nú bitnar niðurskurður einkum á störfum kvenna og borgarstjóri gerir grín að konum.Þorgerður talaði um eigið uppeldi, var alin upp til að vera sjálfstæð. Hún sagði gamansögu af foreldrum sínum. Þau voru að taka til og pabbi hennar að ryksuga. Vinur þeirra kom þá í heimsókn og var mjög hneykslaður á því að húsbóndinn væri að sinna slíku verki, þetta ætti hann að láta dætur sínar sjá um. Þá svaraði karl að bragði: „Heldur þú að ég sé að ala upp dætur mínar til að verða þrælar sona þinna!“Loks sagði Þorgerður að ljósi þráðurinn væri að það væri gott fólk í öllum flokkum, stjórnmalin breyttust ekki með nýju fólki heldur nýjum vinnubrögðum. Nú væri ekki tími fyrir öfgar, fyrir lægju fullt af góðum tillögum sem allir væru í raun sammála um. Hún sá fyrir sér sérstakt hlutverk kvenna, umburðarlyndisteygjan væri meiri í þeim. Þær þyrftu að byrja á því að reyna að breyta orðræðunni og vinnubrögðunum í eigin flokkum og um fram allt – ekki láta strákana alltaf skrifa handritið!

Á eftir erindi Þorgerðar Katrínar voru umræður. M.a. var bent á hve karllægt samfélagið væri, skinkuhlutverkið væri áberandi og að hætta væri á að langt fæðingarorlof drægi úr konum kraftinn og þrýsti þeim inn á heimilin. Síðustu orð Þorgerðar voru: Konur, verið krefjandi hvor við aðra – finnið þráðinn!

5. **Veitingar:**Borið fram kaffi og með því.
6. **Söngur:**Þórunn settist við píanóíð og Gammasystur sungu sig inn í nóttina.

Formaður færði Þorgerði jólarós sem þakklætisvott fyrir komuna og erindið og sleit fundi um kl. 22:30.

GGO, fundarritari.